

95 Prófa skal bæði munnlega og skriflega (verklega) í íslenzku, dönsku, ensku og 5. nóv. þýzku.

Skriflega prófið skal vera:

í íslenzku: ritgerð, nemendur skulu fá að velja á milli eigi færri en þriggja verkefna,

í dönsku: þýðing úr íslenzku á dönsku eða (og) ritgerð á dönsku,

í ensku: still eða (og) ritgerð,

í þýzku: still eða (og) ritgerð.

Skólastjóri getur látið skriflegar úrlausnir koma í stað munnlegs prófs í einstökum greinum og ákveðið hvort sleppa megi einhverju námsefni eða hluta þess, sem áður hefur verið prófað í, og setur að öðru leyti reglur um prófið samkvæmt reglugerð þessari.

Prófdómara skipar kennslumálaráðuneytið í samráði við skólastjóra.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1942.

Magnús Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

96

5. nóv.

RÍKISSTJÓRABRÉF

er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis, 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942, kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13.

Gjört í Reykjavík, 5. nóvember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.